



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri (354) 570 13 15  
(354) 832 17 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun

4. maí 2026  
MÍ202604-0117/ 6.07 / S.G.

## Efni: Umsögn um matsáætlun vegna Laxós, Dalvíkurbyggð

Minjastofnun Íslands hefur móttekið umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar vegna matsáætlunar fyrir framkvæmd Laxós ehf. á landi við Hauganes, Eyjafirði. Hægt var að hlaða niður matsáætluninni, dagsettri í 16. apríl 2026.

Tilgangur matsáætlunarinnar er að skilgreina umfang, afmörkun og aðferðafræði umhverfismats fyrirhugaðrar fiskeldisframkvæmdar Laxós ehf. á landi við Hauganes, Eyjafirði. Matsáætlunin er grundvöllur mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og er ætlað að tryggja að allir helstu umhverfisþættir sem kunna að verða fyrir áhrifum verði greindir, metnir og vegnir með skipulegum og gagnsæjum hætti.

Fornleifaskráningu á svæðinu er lokið vegna verkefnisins, sjá Hákon Jensson. *Fornleifaskráning fyrir Laxós vegna deiliskipulags í Hauganeslandi og vatnslögn í Birnunesi í Dalvíkurbyggð*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2025/17.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.1.2. Menningarminjar. Þar er vísað til eldri skráningar og minnisblaðs frá Hákon. Betur færi á því að vísa í þá skráningu sem unnin hefur verið vegna þessa verkefnis. Miðað við skráningu Hákonar þarf að raska minjum, garðlagi nr. 3540-03, vegna framkvæmdarinnar.

Minjastofnun minnir á að ef nauðsynlegt reynist að raska minjastöðum verði að afla leyfis hjá Minjastofnun Íslands, sem úrskurði um mögulegar mótvægisáðgerðir og/eða rannsóknir.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands telur að í matsáætlun framkvæmdaaðila mætti umfjöllun um menningarminjar og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þær vera nákvæmari, svo sem með því að vísa í nýjustu skráningu.

Að öðru leiti gerir Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við matsáætlun vegna Laxós, Dalvíkurbyggð

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

12. maí 2026

## Efni: Landeldi við Hauganes – Umsögn um matsáætlun

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) hefur farið yfir tillögu að matsáætlun Laxóss ehf., dags. 16. apríl 2026, vegna fyrirhugaðs landeldis við Hauganes í Eyjafirði, sem fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

HNE telur matsáætlunina almennt vel upp byggða og að hún taki til helstu umhverfisþátta sem kunna að verða fyrir áhrifum.


HNE bendir á að reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp hefur verið felld úr gildi og að reglugerð nr. 1450/2025 um meðhöndlun skólps og fráveituvatns gildir nú. Umfjöllun um fráveitumál í matskýrslu þarf að miðast við gildandi reglugerð.

HNE bendir á að ekki er þörf á starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna fyrirhugaðrar starfsemi, þar sem fráveitumál og losun frá starfseminni verða til meðferðar í starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar. Mikilvægt er að niðurstöður umhverfismats nýtist við mótun skilyrða í því starfsleyfi, m.a. hvað varðar losun og vöktun.

HNE áskilur sér rétt til frekari athugasemda þegar matskýrsla liggur fyrir.

Virðingarfyllt

F.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
NORÐURLANDS EYSTRÁ**  
  
Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun  
Borgartúni 21  
Reykjavík

11. maí 2026  
UOS-5435/M.B.S.

## Umsögn um fiskeldi á landi á Hauganesi, Árskógsströnd

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar þann 15. apríl 2026 þar sem óskað var umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um matsáætlun fyrir ofangreint fiskeldi, í sveitarfélaginu Dalvíkurbyggð, á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Í skýrslu Laxós ehf. kemur fram að félagið vinni að undirbúningi uppbyggingar seiðaeldisstöðvar og verði framkvæmdinni skipt í þrjá áfanga. Áfangi 1, seiðaeldið við Öldugötu 31 Árskógssandi, er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Í matsáætluninni er fjallað um 2. og 3. áfanga, stórseiðastöð og matfiskastöð á Hauganesi þar sem gert er ráð fyrir 22.000 tonna framleiðslu af slægðum laxi og regnbogasilungi á ári þar sem hámarkslífmassi stöðvanna verði 16.000 tonn. Fram kemur að áfangi 2 verði að öllu leyti samkvæmt þeim áformum sem fjallað var um í tveimur matsskylduákvörðunum Skipulagsstofnunar, að undanskilinni breyttri staðsetningu.

Í matsáætlun kemur fram að ársframleiðsla sé áætluð 27.240 tonn miðað við fulla framleiðslu og væri æskilegt að miða við þá tölu í umhverfismatsskýrslu en ekki framleiðslu á slægðum fiski.

Í matsáætlun er á nokkrum stöðum vísað til fyrri umfjöllunar Skipulagsstofnunar. Mikilvægt er að opinber gögn, eins og matsáætlun og matsskýrsla, geti staðið sjálfstætt, þ.e. að fjallað sé um allt það sem umsagnaraðilar þurfa að fjalla um svo þeir geti gert sér skýra grein fyrir eðli málsins og sinnt rannsóknarhlutverki sínu á sem skemmstum tíma.

## Tengsl við aðrar áætlanir

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að framkvæmdin þarf að vera í samræmi við [Vatnaáætlun Íslands](#)<sup>1</sup> sem var staðfest af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, í apríl 2022, samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

---

<sup>1</sup> Vatnaáætlun Íslands 2022-2027. Útg. Umhverfisstofnun og Stjórn vatnamála. 68 bls.

## Landfylling og viðlegumannvirki

Fiskeldið á Hauganesi er áformað á 9 ha landspildu auk 7 ha landfyllingar, alls um 16 ha framkvæmdasvæði. Gert er ráð fyrir viðlegumannvirki með 13-14 m háum grjóttgarði við NA-hluta landfyllingarinnar.

Í matsskýrslu þarf að koma skýrt fram hvort um er að ræða opna eða lokaða landfyllingu og bendir stofnunin á að opin landfylling telst vera varp í hafið skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Opin landfylling er skilgreind sem nýmyndun lands sem er ekki varin, eða aðeins að hluta varin, með varnargörðum og efni liggur því að einhverju leyti óvarið fyrir straumum, flæði sjávar og lífverum sbr. leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis. Ef um er að ræða opna landfyllingu þarf leyfi Umhverfis- og orkustofnunar til varps dýpkunarefna í hafið<sup>2</sup>.

## Kalt vatn

Fyrirhugað er að dæla sjó úr djúpál í Eyjafirði og nota sem eldisvökva, 15-20.000 l/sek. Um 65% eldisvökvans verður endurnýttur, 35% veitt út og nýjum eldisvökva veitt inn, og verður sjóinntakið á 60 – 80 m dýpi. Einnig er fyrirhugað að taka allt að 180 l/sek af fersku vatni úr Þorvaldsdalsá (vatnshlot nr. 102-1806-R). Drenlögn verður lögð á malareyrum meðfram árbakkanum, 15-20 m, og verður vatnið síðan leitt um 2,5 km að fiskeldisstöðinni. Ferska vatnið verður notað til að skola úrgang af tromlu- og diskasíum og næra sjógönguseiðadeild.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að umhverfismarkmið straumvatnshlotsins Þorvaldsdalsár 1 er að vera í a.m.k. góðu efnafræðilegu og mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Uppbygging og starfsemi eldisstöðvarinnar má ekki verða til þess að ástand vatnshlotsins rýrni, hvorki tímabundið né varanlega.

Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu er ekki leyfi til framkvæmda. Vatnstöku úr Þorvaldsdalsá er skylt að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun skv. 144 gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Í matsáætlun er ekki litið til samlegðaráhrifa með Árskógsvirkjun sem áformuð er ofar í Þorvaldsdal og mun skerða rennsli Þorvaldsdalsár verulega á kafla árinna, sem getur haft mjög mikil áhrif á áformaða ferskvatnsöflun Laxóss,<sup>3</sup> eins og stofnunin benti á í umsögn sinni þann 15. desember 2025, um matsskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar<sup>4</sup>.

<sup>2</sup> [Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis, uov.is](https://uov.is/leiðbeinandi-reglur-um-meðferð-dýpkunarefnis)

<sup>3</sup> [Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð, Umhverfismatsskýrsla, 2025.](#)

<sup>4</sup> [Umsögn Umhverfis- og orkustofnunar um matsskyldufyrirspurn Laxóss ehf., 2025.](#)

## Heitt vatn

Gert er ráð fyrir að í fullum rekstri muni framkvæmdaraðili nýta 55-60 l/sek af heitu vatni. Fyrirhugað er að hitaveita Dalvíkur muni afhenda a.m.k. 30 l/sek en Laxós áformar að sækja um leyfi til að bora eftir allt að 30 l/sek til viðbótar, ef þörf krefur.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þar sem framkvæmdin gerir mögulega ráð fyrir jarðhitanýtingu þarf að fjalla um áhrif hennar á grunnvatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Umhverfis- og orkustofnun vekur einnig athygli á því að skila ber gögnum um borholur til stofnunarinnar sbr. lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög). Kröfur þess efnis hafa verið dregnar saman í borholureglur<sup>5</sup> sem lúta að skráningu, hönnun og frágangi borholna, sem og skil á upplýsingum til stofnunarinnar.

## Raforkupörf og varaafli

Fram kemur að meðalraforkupörf framkvæmdanna verði um 30 MW en hámarkspörf verði meiri og til standi að tengjast dreifikerfi Landsnets í gegnum Dalvíkurlínu. Fjalla þarf um það í umhverfismatsskýrslu hvort og þá hvernig varaafli fyrir eldisstöðina verði háttað og hvernig mengunarvörnum við hana verði háttað. Umhverfis- og orkustofnun veitir starfsleyfi fyrir virkjanir og orkuveitur (varaaflostöðvar) frá 1 MW.

## Frárennsli

Áætlað er að sex frárennislagnir verði lagðar frá stöðinni nokkurn veginn í austurátt þvert út í fjörðinn. Fram kemur að lagnirnar verði í þremur mismunandi lengdum til að stækka upphafspynningarsvæðið og að allar lagnirnar séu í a.m.k. 20 m fjarlægð frá stórstraumsfjöru-borði. Fram kemur að Laxós ehf. muni láta gera straum- og dreifilíkan fyrir áætlaða lífræna losun framkvæmdanna (áfangi 2 og 3).

Fram kemur í matsáætlun að eldisvökvakerfið sé svo kallað *Hybrid Flow Through System* þar sem um 65% verði endurnýtt og um 35% fari út og nýr eldisvökvi komi í staðinn. Þá kemur fram að notast verði við diska- og tromlusíur og miðað sé við að hreinsa allt að 75% fastefna úr eldisvökvum áður en hann fari til sjávar.

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að áhrifamat fyrir vatn sé unnið snemma í ferlinu og liggi fyrir samhliða umhverfismatsskýrslu. Fjalla þarf um losun bæði næringarefna og mögulegra annarra efna sem notaðar eru t.d. við þrif í stöðinni og áhrif þeirra á gæðabætti strandsjávar, vísast að öðru leyti í kaflann um *Áhrifamat fyrir vatn* hér á eftir.

---

<sup>5</sup> [Reglur um skráningu, hönnun og frágangi borholna, sem og skil á upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar, nr. OS-2019-R01-01.](#)

Kröfur um hreinsun á fráveituvatni eru settar fram í reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Umhverfis- og orkustofnunar hefur einnig gefið út ýmsar leiðbeiningar varðandi fráveitumál, þar á meðal *Leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu*<sup>6</sup> sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

## Úrgangur

Fram kemur í matsáætlun að áætlaður lífmassi af dauðfiski sé 304 tonn árlega sem verði unnin í meltu sem verði flutt í verksmiðju og unnin verðmæti s.s. lýsi og prótínþykknir. Þá verði 2.164 tonn af fastefni/fiskiseyru hreinsuð frá eldisvatninu. Fram kemur að Laxós ætli í samstarf við Eim hf. sem hyggst setja upp verksmiðju á Dysnesi við Eyjafjörð. Fyrirhugað samstarf feli í sé að úrgangurinn verði nýttur til að framleiða annaðhvort lífgas eða áburð, eða hvort tveggja og greint verði ítarlega frá verkefninu í umhverfimatsskýrslu.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að nú þegar hefur landeldisfyrirtækjum hér á landi reynst erfitt að finna farveg fyrir þann úrgang sem krafist er að fyrirtækin sía úr frárennsli áður en því er veitt í viðtaka, þ.e. fiskiseyruna. Stofnunin telur gríðarlega mikilvægt að fjallað verði um raunhæfa kosti í tengslum við meðhöndlun úrgangs í umhverfismatsskýrslu og leggur því til að úrgangsmyndun og ráðstöfun úrgangs verði sérstakur matsþáttur í skýrslunni. Gera þarf ítarlega grein fyrir þeim möguleikum sem eru fyrir hendi til að lágmarka myndun úrgangs frá landeldinu, hvernig hægt sé að stuðla að endurnýtingu úrgangs eða förgun og þeim umhverfisáhrifum sem stafa af mismunandi fyrirkomulagi hvað það varðar. Ein meginforsenda þess að hægt sé að fara í framleiðslu af slíku umfangi sem hér er fjallað um er að lausn finnist á því hvernig fiskiseyran verði meðhöndluð. Stofnunin telur afar jákvætt og í raun nauðsynlegt að endurnýtingarmöguleikar séu skoðaðir því fiskiseyra er næringarrík og inniheldur m.a. fosfór, nitur og kolefni, sem nýta má t.a.m. til áburðar- eða orkuvinnslu.

Rekstraraðila verður gert að vera með skýra áætlun um meðhöndlun úrgangs samkvæmt starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar.

## Áhrifamat fyrir vatn

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þar sem framkvæmdin gerir ráð fyrir nýtingu á köldu og heitu vatni og framkvæmdum við strandsjó þarf að fjalla um áhrif á vatn í samræmi við lögin um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í umhverfismatsskýrslu. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó). Á vefsíðu stjórnar vatnamála, vatn.is, undir „Áhrifamat fyrir vatnshlot“ er að finna leiðbeiningar og stuðningsskjal fyrir áhrifamat.

Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar

---

<sup>6</sup> [Leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu.](#)

muni valda því að vatnshlot nái ekki umhverfismarkmiðum. Ljóst er af matsáætlun að framkvæmd við landfyllingu og viðlegukant mun hafa áhrif á strandsjó, framkvæmd við öflun kalds vatns mun hafa áhrif á straumvatn og mögulegar boranir eftir heitu vatni gætu haft áhrif á grunnvatn.

Áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Meta þarf áhrif á:
  - Líffræðilega-, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðapætti viðkomandi strandsjávar- og straumvatns.
  - Magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatns.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin náist ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðrar) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlot.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

## Loftgæði

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að skip allt að 1.200 tonn og 100 m að lengd geti lagst að viðlegukanti til losunar og lestunar á fóðri, afurðum, lifandi fiski og byggingarefni.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að forráðamenn fyrirtækja skulu sjá um að reykur, ryk og lofttegundir, sem eru hættulegar, daunillar eða lyktarmiklar, valdi ekki óþægindum í nánasta umhverfi, skv. 9. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði. Í matsskýrslu þarf að greina frá því hve mikil fjarlægð verður í næstu íbúðarhús frá fyrirhuguðum viðlegukanti, gera grein fyrir fyrirhugaðri losun vegna skipaumferðar og mögulegum áhrifum á loftgæði íbúa.



## Leyfisveitingar

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að rannsóknarleyfi stofnunarinnar þarf fyrir rannsóknarborunum, sbr. 5. gr. auðlindalaga. Þó getur landeigandi gert rannsóknir án leyfis stofnunarinnar, sbr. 4. gr. laganna, en ber þá að senda áætlun og lýsingu á fyrirhuguðum borunum, sprengingum, gerð námuganga eða öðrum verulegum framkvæmdum í þessu skyni.

Nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar þarf fyrir nýtingu á grunnvatni, sbr. 6. gr. auðlindalaga. Grunnvatn er skilgreint skv. lögnum sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð nýtingarleyfi. Stofnunin bendir á að álit Skipulagsstofnunar á umhverfismati framkvæmdar er forsenda fyrir umsókn um nýtingarleyfi grunnvatns, 300 l/sek eða meira.

Starfsemin er háð starfsleyfi stofnunarinnar, sbr. 2. tl. viðauka II við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fram kemur í matsáætlun að starfsleyfi þurfi frá heilbrigðisnefnd samkvæmt 14. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólþ. Með setningu reglugerðar um fráveitur og skólphreinsun nr. 1450/2025 varð sú breyting að ef starfsemi er starfsleyfis skyld hjá Umhverfis- og orkustofnun veitir stofnunin jafnframt leyfi fyrir fráveitu- og hreinsibúnaði. Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða.

Mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot þarf að fylgja með umsóknum um rannsóknarleyfi, nýtingarleyfi og starfsleyfi til umhverfis- og orkustofnunar og með framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út, til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin um stjórn vatnamála og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Virðingarfyllt,

**Matthildur B. Stefánsdóttir**

Teymi leyfa og umsagna

**Kristín Björk Birgisdóttir**

Teymi leyfa og umsagna

**Vegna:** Máls nr. 0442/2026, Laxós ehf. - Fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirði (Kynning matsáætlunar)

**Athugasemd:**

Umsögn Fiskistofu 4. júní 2026:

„Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Í skýrslunni kemur fram í kafla 3.6.1. ítarlegt fyrirkomulag til að fyrirbyggja slysasleppingar. Því telur Fiskistofa að litlar líkur séu á því að fiskar muni berst frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska.

Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hætt á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni. „

**Hera Katrín Aradóttir, sérfræðingur**

**Höfundur:** Þórdís Stella Erlingsdóttir

**Sent inn þann:** 04.06.2026 , **Fyrir hönd:** Fiskistofa

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS)  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

13. maí 2026  
202604-0037/A.B.

## **Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Kynning matsáætlunar - Laxós ehf.- Fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirði - Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS).**

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar (HMS) er barst 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um matsáætlun vegna fyrirhugað laxeldi Laxós ehf. við Hauganes, Eyjafirði.

### **Framkvæmdarlýsing**

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felst í uppbyggingu umfangsmikillar landeldisstöðvar fyrir laxeldi við Hauganes í Eyjafirði. Skipulagssvæði framkvæmdarinnar er um 14,5 ha að stærð, en beint jarðrask er áætlað um 7 ha á hluta svæðisins.

Framkvæmdin felur í sér byggingu eldisstöðvar í nokkrum áföngum, þar sem stærsti hluti starfseminnar er matfiskeldi í þremur skálum. Í hverjum skála verða 16 hringlaga eldisker, samtals 48 ker. Hvert ker er um 28 m í þvermál og með um 8 m vatnsdýpt, sem jafngildir um 5.000 m<sup>3</sup> eldisrými.

Heildareldisrými stöðvarinnar er því um 240.000 m<sup>3</sup> og áætluð árleg framleiðslugeta um 22.000 tonn af slægðum laxi eða regnbogasilungi. Með hliðsjón af umfangi eldisrýmis og framleiðslu er um að ræða eina stærstu landeldisframkvæmd sem fyrirhuguð er á landinu.

Náttúruverndarstofnun telur að matsáætlunin gefi almennt góða mynd af þeim umhverfisþáttum sem fyrirhugað er að rannsaka. Stofnunin leggur þó áherslu á að tekið verði mið af framangreindum ábendingum við gerð umhverfismatsins.

### **Lífriki sjávar (botndýralíf, straumar, dreifing og losun)**

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugað sé að afla frekari gagna um lífríki sjávar, þar á meðal botndýralíf og aðstæður í viðtaka.

Náttúruverndarstofnun telur það jákvætt og telur mikilvægt að umhverfismatið byggist á heildstæðri greiningu á lífríki sjávar á framkvæmdar- og áhrifasvæði, þar sem lagðar eru fram upplýsingar um botndýralíf, botngerð og ástand vistkerfa.

Á framkvæmdatíma þarf að meta áhrif landfyllingar, gruggmyndunar og breytinga á strandlínu á nærliggjandi vistkerfi, með hliðsjón af straumum og setflutningum á svæðinu.

Á rekstrartíma þarf að gera grein fyrir magni og eðli losunar frá starfseminni, þar á meðal næringarefnum og lífrænum úrgangi, meta árangur fyrirhugaðrar hreinsunar og hvernig frárennsli dreifist og þynnist í viðtaka og hvaða áhrif það getur haft á lífríki sjávar.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að niðurstöður rannsókna verði nýttar við mat á valkostum og mótun mótvægisaðgerða og að þær leggi grunn að vöktun á ástandi viðtaka, þar á meðal botndýralífi, botnseti og gæðum sjávar.

### **Vistgerðir og gróður**

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugað sé að afla vettvangsgagna um gróður og vistgerðir á tímabilinu 15. maí til 15. júní 2026.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að umhverfismatið byggist á kortlagningu vistgerða á framkvæmdar- og áhrifasvæði, þ.m.t. á svæðum vegna vatnslagna, efnistöku og vegagerðar. Skrá þarf afmörkun, útbreiðslu, ástand og verndargildi vistgerða og leggja mat á bæði beint og óbeint rask, þar á meðal jaðaráhrif á nærliggjandi vistgerðir.

Sérstaklega þarf að fjalla um fjöruvistgerðir og strandvistkerfi sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna landfyllingar og breytinga á strandlínu.

Einnig er mikilvægt að niðurstöður verði nýttar við mat á valkostum og útfærslu framkvæmdar, mótun mótvægisaðgerða og vöktun, þar á meðal til að skilgreina svæði sem beri að vernda eða endurheimta.

Ef innan framkvæmdar- eða áhrifasvæðis er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þarf að fara eftir þeirri málsmeðferð sem ákvæðið kveður á um.

Ef innan framkvæmdar- eða áhrifasvæðis finnast friðaðar plöntur skal gera grein fyrir þeim í umhverfismati og tryggja vernd þeirra við útfærslu framkvæmdar, sbr. auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna.

### **Fuglalíf**

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugað sé að afla frekari gagna um fuglalíf á tímabilinu 15. maí til 15. júní 2026.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að umhverfismatið byggist á vettvangsrannsóknum á framkvæmdar- og áhrifasvæði á varptíma, þar sem aflað er upplýsinga um tegundasamsetningu, varp, nýtingu svæðisins og mikilvægi þess sem búsvæðis.

Á framkvæmdatíma þarf að meta áhrif vegna rasks á búsvæðum á framkvæmdar – og áhrifasvæði, landfyllingar og breytinga á strand- og fjörusvæðum á fuglalíf.

Á rekstrartíma þarf að meta áhrif aukinnar umferðar, hávaða, lýsingar og annarrar starfsemi á fuglalíf og nýtingu búsvæða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að jaðaráhrif vegna bygginga og starfseminnar geta valdið því að fuglar færa sig frá svæðinu og að óvíst sé hvernig þeim gengur að nýta ný búsvæði.

Við matið þarf að taka sérstaklega tillit til ábyrgðartegunda Íslands og fuglategunda á valista, þar sem Ísland ber sérstaka verndarskyldu gagnvart þeim.

Einnig er mikilvægt að niðurstöður rannsókna verði nýttar við mat á valkostum og útfærslu framkvæmdar, mótun mótvægisaðgerða og vöktunar.

Allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

### **Tengsl við aðrar áætlanir - Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030**

Náttúruverndarstofnun bendir á að í lok árs 2025 gaf ráðherra út stefnumótandi skjal um líffræðilega fjölbreytni, *Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030*. Í stefnunni er lögð áhersla á að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, vernda vistkerfi og tryggja endurheimt þeirra, auk þess sem kveðið er á um mikilvægi þess að samþætta vernd líffræðilegrar fjölbreytni í alla stefnumótun og áætlanagerð.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að við umhverfismat framkvæmdarinnar verði tekið mið af markmiðum og áhrslum stefnunnar, meðal annars við mat á áhrifum á vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni, val á útfærslu framkvæmdar og mótun mótvægisaðgerða og vöktunar. Sérstaklega þarf að huga að vernd vistgerða og búsvæða og möguleikum á endurheimt þar sem rask kann að verða.

### **Viðmið**

Náttúruverndarstofnun bendir á að viðmið á bls. 35 eru líklega ekki tæmandi og gera þarf ráð fyrir að einhverjum viðmiðum verði bætt við gerð umhverfismatsins:

- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd
- Vistgerðir og verndargildi vistgerða (Náttúrufræðistofnun Íslands)
- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
- Válisti fugla (Náttúrufræðistofnun Íslands)
- Ábyrgðartegundir Íslands
- Bernarsamningurinn
- Samningur um líffræðilega fjölbreytni
- Evrópski landslagssamningurinn
- Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030
- Auglýsing nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna

### **Landslag**

Að mati Náttúruverndarstofnunar er líklegt að framkvæmdin geti haft staðbundin áhrif á landslag, einkum vegna breytinga á strandlínu, nýrrar landfyllingar og aukins byggingarmagns.

Í greinargerð er gerð ágæt grein fyrir mögulegum áhrifum mannvirkja á ásýnd og landslag (myndir 21–27). Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í umhverfismati verði lögð fram skýr greining á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar, þar sem m.a. verði stuðst við ljósmyndir frá helstu sjónarhornum, fremur en þrívíddarmyndir ef unnt er.

Jafnframt þarf að gera grein fyrir mótvægisaðgerðum til að draga úr sjónrænum áhrifum, svo sem með mótun lands, litavali á byggingum, gróðri og formgerð mannvirkja. Slík umfjöllun er

forsenda þess að unnt sé að leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásynd, sbr. 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og Evrópska landslagssamninginn.

### **Lífrænn úrgangur**

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugað sé að nýta lífrænan úrgang, svo sem fóðurleifar og fisksaur, til framleiðslu á lífgasi og/eða sem áburð.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í umhverfismati verði gerð grein fyrir meðhöndlun, flutningi og endanlegri ráðstöfun þessa úrgangs, hvaða aðilar taki við honum og hvort nauðsynleg aðstaða og leyfi liggi fyrir.

Ef ráðgert er að nýta úrganginn sem áburð þarf að gera grein fyrir hvar og með hvaða hætti honum verður ráðstafað, svo sem á túnum eða við uppgræðslu og landgræðslu, og meta umhverfisáhrif slíkrar nýtingar á jarðveg, gróður og vatn.

### **Valkostir – landfylling**

Í matsáætlun er ekki gerð nægjanlega skýr grein fyrir forsendum landfyllingarinnar. Þar sem landfylling breytir strandlínu og getur haft áhrif á fjöruvistkerfi og lífríki sjávar telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að í umhverfismati verði gerð grein fyrir forsendum hennar, hvaða valkostir hafi verið skoðaðir og hvort unnt sé að draga úr umfangi hennar. Jafnframt þarf að meta áhrif mismunandi valkosta á strandlínu, fjöruvistkerfi og lífríki sjávar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Skúli Þórðarson

**verkefnastjóri**

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7B  
105 Reykjavík

Dalvík 3.júní 2026

**Efni: Umsögn um matsáætlun fyrir áform um landfyllingu og fiskeldi á landi við Hauganes**

Dalvíkurbyggð hefur móttengið erindi Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar dags. 15.apríl 2026 þar sem farið er fram á umsögn sveitarfélagsins um matsáætlun fyrir áform Laxóss ehf. um uppbyggingu landfyllingar og fiskeldi á landi við Hauganes.

Óskað er eftir afstöðu Dalvíkurbyggðar til þess hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða þáttum, ef einhverjum, sveitarfélagið telur að gera þurfi frekari skil.

Dalvíkurbyggð er leyfisveitandi framkvæmdaleyfis skv. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfis skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012. Dalvíkurbyggð sér jafnframt um stjórnsýslu í tengslum við vinnslu deiliskipulags og breytingu á aðalskipulagi sem er grundvöllur fyrir áformunum.

Það er álit Dalvíkurbyggðar að nægilega sé gerð grein fyrir forsendum vinnu við umhverfismat framkvæmdarinnar fyrir þá matsþætti sem tilgreindir eru í matsáætlun.

Að mati Dalvíkurbyggðar mætti fjalla um hugsanleg áhrif á samgöngur og umferðarþunga á Ólafsfjarðarvegi, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,



María Markúsdóttir  
Skipulagsfulltrúi

**Vegna:** Máls nr. 0442/2026, Laxós ehf. - Fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirði (Kynning matsáætlunar)

**Athugasemd:**

Ég á land á þessum stað en ekki hefur verið gengið frá kaupum eða leigusamning. Það hefur enginn haft samband við mig varðandi þetta mál.

**Höfundur:** Kjartan Gústafsson

**Sent inn þann:** 05.05.2026





HMS svið skipulags og umhverfismats  
Borgartúni 21, 105 Reykjavík.  
Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.  
Hafnarstræti 107, 600 Akureyri.  
*sent í skipulagsgátt*

Selfossi, 5. maí 2026

**Mál: Laxós ehf., Laxós ehf. - Fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirðir, mat á umhverfisáhrifum.**

**Kynnig matsáætlunar, mnr. 442/2026**

Óskað var eftir umsögn stofnunarinnar, frestur er til 13. maí nk. *Land og skógur* tók í ársbyrjun 2024 við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Umsögn þessi er byggð á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Undirritaður hefur kynnt sér málið. Í kafla 5.3.1. er rætt um gróður og vistgerðir. Af umfjölluninni má ráða að það standi til að skoða að hvaða leiti gróður á framkvæmdasvæðinu falli undir að njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, og á það væntanlega við um votlendi (a.-liður 1. mgr. 61. gr.). Kortagögn benda til þess að votlendi sé að finna á svæðinu, og er það rakið í kaflanum.

Undirritaður telur þetta eðlilegan þátt í umhverfismatinu og hefur ekkert við áætlunina að athuga, hvað varðar þá þætti sem eru á starfssviði stofnunarinnar.

Stofnunin gerir engar athugasemdir.

bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

[pall.sigurdsson@landogskogur.is](mailto:pall.sigurdsson@landogskogur.is)

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 570-5550



Húsnæðis- mannvirkja- og skipulagsstofnun

Pórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartúni 21

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. maí 2026

Málsnúmer: 202604-0017

IAS

**Efni: Laxós ehf. Fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirði. Matsáætlun.**

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar frá 15. apríl 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun Laxóss ehf. fyrir fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirði.

Laxós ehf., áformar að byggja landeldistöð fyrir lax og/eða regnbogaurriða norðan Hauganess við Eyjafjörð. Fyrirhuguð framleiðsla er um 22.000 tonn á ári miðað við slægt með haus. Sjó verður dælt inn í stöðina úr Eyjafirði frá djúpál u.þ.b. 1.000 m austur frá ströndinni. Áætluð meðal vatnspörf er um 15 m<sup>3</sup>/sek (hámark 20 m<sup>3</sup>/sek) og gert er ráð fyrir um 75% endurnýtingu á sjóvatni. Áætluð meðal lífmassastaða er 12.000 tonn (hámark: 16.000).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Fram kemur að Rorum ehf mun gera úttekt á fuglalífinu á tímabilinu 15. maí til 15. júní 2026 en ekki kemur fram hvort fyrirhugað er að gera úttekt á öðrum tíma. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf einnig að kanna hvaða fuglar nýta svæðið að vetrarlagi en straumendur hafa t.d. sést á nærliggjandi vetrarfuglatalningasvæðum. Samkvæmt úttekt á fuglalífi í tengslum við Árskógsvirkjun, þá nýta straumendur einnig allt vatnasvið Þorvaldsár á varptíma. Meta þarf hvort hætta sé á rennslisbreytingum að sumri til vegna vatnstöku og hvernig vatnstaka fer saman með virkjun í Þorvaldsdalsá.

Reynsla frá öðrum eldisstöðvum hefur sýnt að úrgangur sem fylgir svona starfsemi getur haft mikið aðdráttarafl fyrir fugla af stóru svæði. Ef mótvægisáðgerðir við ásókn fugla fela í sér fugladráp þá myndu þau áhrif ná langt út fyrir athafnasvæðið og því afar mikilvægt að ganga þannig frá frárennismálum að ekki komi til þess.

Fram kemur að Rorum ehf. mun endurskoða gróður og vistgerðir á tímabilinu 15. maí til 15. júní 2026. Náttúrufræðistofnun bendir á að æskilegt er að skoða gróður einnig í júlí/ágúst því ekki eru allar tegundir sprottnar 15. júní. Engar friðaðar æðplöntur eða æðplöntur á valista hafa verið skráðar á svæðinu, né aðrar fágætar æðplöntur. Hafa ber þó í huga að svæðið er vanskráð, sérstaklega með tilliti til skráningar í votlendi.

Fyrirhuguð uppbygging er á framræstu landi sem að hluta virðast hafa verið nýtt sem sláttutún í kringum síðustu aldamót en hefur ekki verið slegið í líkast til nokkur ár. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og korti sem sýnir sérstaka vernd náttúurfyrirbæra, eru tveir votlendisflákar sem eru um 2 ha og 7 ha og njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga sem gætu raskast vegna fyrirhugaðra framkvæmda. (1. mynd)(Lög um náttúruvernd nr. 60, 2013). Starungsmýravist er ríkjandi í votlendum auk þess sem runnamýravist á láglendi finnst í minni blettum. Starungsmýravist og



runnamýravist á láglandi hafa mjög hátt verndargildi og voru skilgreindar sem forgangsvistgerðir við val svæða á framkvæmdaáætlun náttúruminjasrár, auk þess sem þær eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Það á einnig við um víðikjarrvist en verndargildi hennar er metið mjög hátt og fleiri vistgerðir með hátt verndargild á svæðinu. Hér skal þó einnig bent á að vistgerðakortið er að mestu leyti byggt á fjarkönnun og því geta leynst skekkjur í því. Hins vegar gefur það ákveðna vísbendingu um hvaða vistgerðir eru á svæðinu og þar sem mögulega er þar enn virkt votlendi þrátt fyrir framræslu þarf að kanna betur aðstæður á vettvangi, bæði hvað varðar kortlagningu vistgerða og skráningu æðplantna á fyrirhuguð framkvæmdasvæði, einkum með það í huga að svo virðist að gróðurfar hafi tekið allnokkrum breytingum á svæðinu á undanförunum árum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur

Húsnæðis, mannvirkja og skipulagsstofnun  
HMS  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 21.05.2026  
MFRI: 2026-04-0260

### **Efni: Matsáætlun Laxós ehf.: Fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirði**

Vísað er til erindis Húsnæðis, mannvirkja og skipulagsstofnunar (HMS) dags. 3. apríl 2026, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar ofangreindrar framkvæmdar. Óskar Húsnæðis, mannvirkja og Skipulagsstofnun (HMS) eftir umsögnum vegna matsáætlana fyrir framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsgagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnsla gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig ef skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.

Laxós ehf., áformar að byggja þauleldisstöð á landi fyrir lax og/eða regnbogaurriða norðan Hauganess við Eyjafjörð (vatnshlot: 102-1365-C). Fyrirhuguð framleiðsla er um 22.000 tonn á ári miðað við slægt og með haus. Sjó verður dælt inn í stöðina frá Eyjafirði úr djúpál u.þ.b. 1000 m austur frá ströndinni. Áætluð meðal vatnspörf er um 15 m<sup>3</sup>/sek (hámark 20 m<sup>3</sup>/sek) og gert ráð fyrir um 75% endurnýtingu á sjóvatni. Áætluð meðal lífmassastaða er um 12.000 tonn (hámark 16.000 tonn). Í matsáætluninni er fjallað um fyrirhugaða framkvæmd og greint frá hvernig staðið verður að mati á umhverfisáhrifum<sup>1</sup>.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir matsskýrsluna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

### **Stærðargráða framkvæmdarinnar og samanburður við aðrar framkvæmdir**

Landeldi hefur verið að mestu afmarkað við seiðaeldi og verið umtalsvert smærra í sniðum en þessi eldisstöð á að verða. Fleiri sambærilegar framkvæmdir að þessari meðtalinni eru í farvatninu og hefur Hafrannsóknastofnun gefið umsagnir um nokkrar. Til þess að átta sig á stærðargráðunni mætti benda á að til samanburðar er áætluð vatnspörf stöðvarinnar á stærðargráðunni 3–4 meðalrennsli Elliðaánna. Hafrannsóknastofnun skilaði umsókn um landeldi Aurora fiskeldi ehf. í Hvalfirði sem stefnir á að byggja upp 28.000 tonna laxeldi á landi. Í umsögninni kom fram að losun frá landeldi þeirra samsvaraði 8.400

<sup>1</sup> <https://skipulagsgatt.is/files/e1eff99b-33bf-4776-b5d0-153b28a697aa>

tonna sjókvíaeldi að teknu tilliti til losunar lífrænna efna eftir hreinsun. Slíkur samanburður getur verið gagnlegur sem viðmið ef tæknilegar forsendur reynast sambærilegar. Súrefnisþörf fyrir niðurbrot á lífrænum úrgangi af eldi af þessari stærð verður á við það sem þarf til þess að brjóta niður 100.000 persónueiningar. Til samanburðar þá er álag frá þéttbýli á Eyjafjarðarbotn á við 150.000 persónueiningar.

### Losun og burðarþol

Umfjöllun um losun frá starfseminni þarf að útfæra nánar s.s. hvað fer inn í stöðina, hvað myndast, hvað er fjarlægt og hvað fer í hafið. Nauðsynlegt er að sundurliða magn fastra og uppleystra lífrænna efna, greina í C, N og P, um hvaða efnasambönd um ræðir, gera grein fyrir hreinsun, endurnýtingu og raunverulegri nettólosun til viðtakans eftir hreinsun. Miðað við framlagðar upplýsingar virðist verulegur hluti uppleystra efna og hluti fastra efna berast til viðtakans eftir hreinsun. Mikilvægt er að framkvæmdaraðili leggi fram skýra og greinargóða sundurliðun á þessu álagi.

Fram kemur að stefnt sé að nýtingu lífræns úrgangs frá stöðinni og að úrvinnsla hans fari fram hjá Eim ehf. á Dysnesi við Eyjafjörð. Með hliðsjón af því að sú starfsemi virðist ekki liggja fyrir með fullnægjandi vissu telur Hafrannsóknastofnun mikilvægt að framkvæmdaraðili geri jafnframt grein fyrir öðrum raunhæfum leiðum til meðhöndlunar og nýtingar fastra úrgangsefna frá starfseminni. Það að þurrka úrganginn í áburð þarfnast frekari skýringa.

Ekki hefur verið óskað eftir burðarþolsmati fyrir Eyjafjörð og engin krafa er gerð um það vegna landeldis. Þó er að mati Hafrannsóknastofnunar þörf á að fá mat á álagspoli viðtaka ef landeldi er af þessari stærðargráðu og þá ekki síst vegna samlegðaráhrifa margra ólíkra þátta á vatnshlotin.

Meta á strauma í firðinum skv. matsáætluninni. Í matsáætluninni kemur fram að Laxós ehf. meti að Eyjafjörður sé mjög öflugur viðtaki með hraðri endurnýjun sjávar og segja hann með eindæmum *öflugan viðtaka lífræns úrgangs skv. sínum gögnum*<sup>2</sup>. Að mati Hafrannsóknastofnunar er ekki unnt að draga slíka ályktun án nánara mats á dreifingu efna, viðtökuþoli og vistfræðilegum áhrifum á viðtakann. Mat á burðarþoli krefst ítarlegrar vísindalegrar nálgunar.

Hafrannsóknastofnun vill benda á eftirfarandi:

1. Mikilvægt er að fá mat á allan fjörðinn þ.e.a.s. meta dreifingu uppleystra og fastra efna með straumum, einnig samlegðaráhrif með losun frá Akureyri.
2. Meta áhrif staðsetningar og mögulegum næráhrifum losunar þar sem losun er mjög nálægt landi en lagnir enda innan við 50 m frá ströndinni.
3. Meta þarf hvort losun geti haft staðbundin áhrif á strandsvæði nærri framkvæmdinni, þ.m.t. útivistar- og ferðamannasvæði við Hauganes.
4. Meta þarf áhrif ofauðgunar á svifþörungablóma og á vistkerfið í heild og einnig hvort aukin hætta sé á að staðbundin ofauðgun verði við útrásir (fínni skali).

Framleiðslan verður samfelld og því verða útrásirnar ekki fyrir sambærilegum hvíldartíma og áhrifasvæði sjókvíaeldis. Reynsla af landeldisstöðvum af þessari stærðargráðu er ekki til staðar hér sem undirstrikar

<sup>2</sup> <https://skipulagsgatt.is/files/e1eff99b-33bf-4776-b5d0-153b28a697aa>

mikilvægi þess að losun, hreinsun, dreifing efna úr frárennsli og mat á áhrifum á viðtakann séu útfært með skýrum og gagnsæjum hætti.

### Lög um stjórn vatnamála (nr. 36/2011)

Sagt er að Laxós ehf. hafi unnið mat á þeim áhrifum sem losunin kann að hafa á lífríkið. Þetta mat er ekki hluti af matsáætluninni þ.e.a.s. engar niðurstöður voru kynntar í henni. Gera þarf þessu betur skil og skilgreina hvaða aðferðafræði var notuð, hvaða gæðapættir voru metnir eða hverjar niðurstöður matsins eru.

Umfjöllun tengd lögum um stjórn vatnamála er almenn og er ekki alltaf farið rétt með. Bent er á að CN1152 er ekki vatnshlotanúmer Eyjafjarðar heldur vatnshlotagerð (tæknigerð) sem um helmingur landsins fellur undir (strandsvæði). Rétt númer vatnshlotsins *Eyjafjörður* er 102-1365-C. Í umfjöllun um vatnamál er vísað í gamlar heimildir en Hafrannsóknastofnun bendir á að framkvæmdaraðili ætti að endurskoða umfjöllunina út frá nýjum upplýsingum þó hinar eldri séu líka gagnlegar. Mikið af skýrslum hafa komið út á eftir þeim sem vísað er í af framkvæmdaraðila. Meðal annars skýrsla um vistfræðileg viðmið og ástandsflokkun strandsjávar<sup>3</sup>.

Eyjafirði er skipt upp í þrjú aðskilin en tengd vatnshlot s.s. Eyjafjörður (102-1365-C), Eyjafjarðarbotn (102-1321-C) og Arnarnesstrýtur Eyjafirði (102-1361-C). Þess má geta að fleiri strýtur eru í Eyjafirði sem eru ekki endilega undir vernd en taka ætti tillit til vegna sérstöðu þeirra. Gera þarf vel grein fyrir mögulegum áhrifum á Arnarnesstrýtur sem eru verndarsvæði skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Þá þarf að meta hversu langt er frá útrásum eldisstöðvarinnar í strýturnar. Arnarnesstrýtur voru friðlýstar árið 2007. Verndargildi strýtanna felst í fjölbreytileika þeirra (líffræðilegur fjölbreytileiki) og sérlega miklu lífríki sem hefur hátt vísinda-, fræðslu- og verndargildi<sup>4</sup>.

Sérstaklega er fjallað um vatnshlotið Þorvaldalsá vegna mikillar vatnstöku úr ánni. Áætlað er að taka allt að 180 l/s af fersku vatni úr ánni (vatnshlot: 102-1806-R) með drenlögn sem komið verður fyrir á árbakkanum. Hafrannsóknastofnun bendir á að starfsemin s.s. vatnstakan og lagning drenlagnarinnar má ekki verða til þess að ástandi árinna hraki. Meta þarf sérstaklega rennsli árinna á lágmarksrennslistíma (vetur). Það þarf að framkvæma áhrifamat á Þorvaldalsá.

Áhrifamat framkvæmda á vatnshlot hefur verið að þróast hratt hér á landi á undanförunum árum í ljósi laga um stjórn vatnamála, dómaframkvæmdar og leiðbeininga stjórnvalda. Slíkt mat er nauðsynlegt skv. lögum um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) og leiðbeiningum UOS. *Áhrifamatið þarf að svara spurningum um hvort framkvæmdin geti valdið hnignun á ástandi vatnshlota og komið í veg fyrir að umhverfismarkmið laga um stjórn vatnamála náist.* Sagt er í matsáætlun að einhverskonar mat hafi verið unnið en umfjöllunin skýrir ekkert frekar og því ekki hægt að koma með athugasemdir. Gera þarf áhrifamat fyrir öll vatnshlot sem kunna að verða fyrir áhrifum framkvæmdarinnar.

Framkvæmdaraðili ætti að taka mið af nýlegri þróun í stjórnsýslu og dómaframkvæmd varðandi áhrifamat á vatnshlot og umhverfismarkmið laga um stjórn vatnamála. *Kjarninn er sá að ekki má veita leyfi ef ekki lægi fyrir mat á áhrifum á vatnshlot og hvort umhverfismarkmið náist.* Mikilvægt er að

<sup>3</sup> <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2022-39.pdf>

<sup>4</sup> <https://ust.is/nattura/stjornunar-og-verndaraetlanir/stjornunar-og-verndaraetlanir-i-vinnslu-en-bid/hverastryturnar-i-eyjafirði/>

umhverfismatsskýrslan taki mið af nýlegri þróun stjórnsýslu, leiðbeininga og dómaframkvæmdar varðandi áhrifamat á vatnshlot og umhverfismarkmið laga um stjórn vatnamála.

### **Samlegðaráhrif**

Fjalla þarf betur um samlegðaráhrif þessarar framkvæmdar við aðrar framkvæmdir og starfsemi sem tengjast svæðinu og vatnshlotinu.

Um er að ræða verulega stórt eldi eða um 22.000 tonn á ári og 16.000 tonna hámarkslífmassa. Að mati Hafrannsóknastofnunar er stór annmarki að ekki liggi fyrir mat á þoli fjarðarins gegn svo stóru eldi. Undanfarið hafa verið að koma upp ýmsar framkvæmdir á landi sem hafa mikil áhrif líkt og sjókvíaelði.

Eyjafjarðarbotn (102-1365-C) er flokkað í aðra vatnshlotagerð en Eyjafjörður. Munurinn er að Eyjafjarðarbotn er skjólsælt vatnshlot (CN1352) meðan Eyjafjörður er opið vatnshlot (CN1152). Í vatnshlotinu Eyjafjarðarbotni er margvíslegt álag sem metið er í 150.000 persónueiningar (fyrsta þreps fráveita). Gera þarf grein fyrir samlegðaráhrifum eldisstöðvarinnar við annað álag í þessum vatnshlotum (Eyjafirði og Eyjafjarðarbotni) þar sem þau eru nátengd.

### **Botndýralíf**

Umfjöllun um botndýralíf, samfélagsgerð botnsins og vistgerðir er of almenn. Skýra þarf aðferðafræði rannsókna, sýnatöku, vistfræðilegt mat og tengingu við vistfræðilega gæðapætti samkvæmt lögum um stjórn vatnamála (nr. 36/2011). Of lítið er fjallað um þennan þátt í matsáætluninni til þess að gera athugasemdir við hann á þann hátt sem umsagnaraðilar eiga að gera. Tenging við lög um stjórn vatnamála verður að vera til staðar þegar fjallað er um botndýr og þara sem og aðra matsþætti sem sérstaklega hafa verið skilgreindir sem slíkir skv. þessum gildandi lögum (botndýr – NQI1, chlorophyll *a*, næringarefni að vetrarlagi og þari á hörðum botni).

### **Eldisstofninn og erfðalegur uppruni**

Í matsáætluninni kemur ekki skýrt fram hvaða eldisstofnar verða notaðir í starfseminni né erfðafræðilegur uppruni þeirra. Slíkar upplýsingar eru grundvallarforsenda mats á hugsanlegri erfðablöndunarhættu og áhrifum á villta laxfiska.

Í umhverfismatsskýrslu þarf því að koma skýrt fram:

- hvaðan eldisfiskur verður fenginn,
- hvaða stofnar verða notaðir,
- erfðafræðilegur uppruni þeirra,
- og hvort um íslenska eða erlenda eldisstofna sé að ræða.

### **Slyasleppingar og áhættumat**

Í matsáætluninni er lýst fjölþættum vörnum gegn slyasleppingum sem er jákvætt. Með hliðsjón af umfangi fyrirhugaðs eldis telur Hafrannsóknastofnun þó mikilvægt að umhverfismatsskýrslan innihaldi ítarlegra áhættumat vegna slyasleppinga.

Þar þarf meðal annars að:

- meta líkindi slyasleppinga með tilliti til framleiðslumagns og rekstrarfyrirkomulags,

- meta sérstaklega áhættu tengda flutningi lifandi fisks milli stöðva og við mögulegan flutning fiska til slátrunar,
- gera grein fyrir tæknilegri útfærslu strokvarna og hvernig hún ber saman við þekkta framkvæmd í sambærilegu landeldi,
- og fjalla um reynslu af slysasleppingum úr landeldi hérlandis og erlendis og hvernig tekið verði mið af þeirri reynslu við hönnun og rekstur stöðvarinnar.

### **Villtir laxfiskastofnar í Eyjafirði**

Eyjafjörður er mikilvægur hluti lífsferils villtra laxfiska. Gönguleiðir ferskvatnsfiska liggja um fjörðinn og þar eru einnig mikilvæg beitar- og vaxtarsvæði.

Í ám sem falla til Eyjafjarðar eru stofnar laxa, bleikju og urriða, þar á meðal stofnar sem nýta sjávardvöl sem hluta af lífsferli sínum. Staða sumra stofna, einkum sjóbleikju, hefur víða versnað á síðustu áratugum sem undirstrikar mikilvægi varúðarnálgunar.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að:

- gera grein fyrir villtum laxfiskastofnum sem tengjast Eyjafirði,
- fjalla um göngumynstur og búsvæðanotkun laxa, sjóbleikju og sjóbirtings í firðinum,
- meta líkur á samvistum eldisfisks og villtra fiska í sjó,
- og setja fram upplýsingar um stöðu og stærð villtra stofna sem viðmiðunarlínu (baseline) fyrir mat á mögulegum áhrifum.

Sérstaklega þarf að horfa til stofna sem tengjast m.a. Fnjóská, Eyjafjarðará, Hörgá, Svarfaðardalsá og Þorvaldsdalsá.

### **Regnbogasilungur**

Í matsáætluninni kemur fram að regnbogasilungur geti ekki myndað sjálfbæra stofna í íslenskri náttúru. Rétt er að taka fram að ekki er vitað til að regnbogasilungur hafi myndað sjálfbæra villta stofna hér á landi, þó dæmi séu um hrygningu og tilraunir fiska til að ganga í ferskvatn.

Með hliðsjón af því þarf í umhverfismatsskýrslu að gera grein fyrir:

- hvort regnbogasilungur verði framleiddur sem ófrjór fiskur, t.d. þrílitna (triploid),
- eða hvaða aðrar ráðstafanir verði notaðar til að draga úr mögulegri æxlunarhættu,
- og hvernig komið verði í veg fyrir að kynþroska fiskur geti komist í ferskvatn eða átt samneyti við villta stofna.

### **Lokaorð**

Að mati Hafrannsóknastofnunar er matsáætlunin að nokkru leyti almenn miðað við umfang og stærðargráðu fyrirhugaðrar starfsemi. Stofnunin telur sérstaklega mikilvægt að við gerð umhverfismatsskýrslu verði gerð mun skýrari grein fyrir: losun frá starfseminni, hreinsun frárennslis og raunverulegri nettólosun fastra og uppleystra efna til viðtakans, dreifingu efna, straumum, næráhrifum og mögulegum áhrifum á vistkerfi og viðtaka, áhrifum á vatnshlot, ástands- og áhrifamati samkvæmt lögum um stjórn vatnamála, þ.m.t. áhrifum á umhverfismarkmið vatnshlota, samlegðaráhrifum með öðru álagi og starfsemi í Eyjafirði og tengdum vatnshlotum, botndýralífi, vistgerðum og vistfræðilegum gæðapáttum, sem og áhættu vegna slysasleppinga og mögulegum áhrifum á villta laxfiskastofna.



Með hliðsjón af stærðargráðu framkvæmdarinnar, takmarkaðri reynslu af landeldi af þessari stærð hér á landi og þeirri óvissu sem enn er uppi um áhrif starfseminnar telur Hafrannsóknastofnun mikilvægt að umhverfismatið verði unnið með gagnsæjum, vísindalegum og vel rökstuddum hætti.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Akureyri, 12.maí 2026

Tilvísun: 2604815

## Umsögn Matvælastofnunar um matsáætlun Laxós ehf. vegna fyrirhugaðrar landeldisstöðvar við Hauganes, Eyjafirði.

Vísað er í beiðni Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar, dagsett 16. apríl 2026, um umsögn Matvælastofnunar vegna matsáætlunar Laxós ehf. vegna landeldisstöðvar við Hauganes. Óskað er athugasemda um hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar.

Laxós ehf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) reisa landeldisstöð norðan Hauganess, Dalvíkurbyggð. Um er að ræða svokallaða áfanga 2 og 3 í áformum framkvæmdaraðila með hámark lífmassa allt að 16.000 tonnum. Nú þegar hafa verið gefin út rekstar- og starfsleyfi vegna áfanga 1 með hámarkslífmassa allt að 1.200 tonn á Árskógssandi.

Matvælastofnun sendi inn athugasemdir við tilkynningu Laxós ehf. um framkvæmdina þann 12. desember 2025. Í kjölfar umsagna ákvað framkvæmdaraðili að fara í fullt mat með framkvæmdina. Matvælastofnun var með fjölda athugasemda við tilkynninguna. Að mati Matvælastofnunar hefur verið brugðist við flestum af þeim athugasemdum sem stofnunin hafði á þeim tíma. Matvælastofnun hefur farið yfir matsáætlun framkvæmdaraðila og hefur eftirfarandi athugasemdir.

Í kafla 3.6.1 er umfjöllum um fyrirkomulag til að fyrirbyggja slysasleppingar. Lýsing á fyrirkomulagi er ágæt að mati Matvælastofnunar. Að mati stofnunarinnar er samt sem áður mikilvægt að gera grein fyrir hvar nákvæmlega þessar varnir verði staðsettar með yfirlitsmynd. Einnig þurfi að gera betur grein fyrir dælingu í/úr brunnbáti þar sem þar er veikur punktur er kemur til stroks. Mikilvægt er að verklag og viðbrögð séu mjög skýr. Heilt yfir þarf umfjöllun um slysasleppingar og viðbrögð að vera mun ítarlegri.

Í köflum 3.6.2 og 3.6.3 er fjallað um eldisvökva og tilraun með dreinaðan sjó. Hér þarf að gera mun betur grein fyrir hvernig þetta er hugsað. Að mati Matvælastofnunar er mjög jákvætt að sía eigi sjó og láta hann fara í gegn um UV síu vegna sjúkdóms- og smitvarna. Hins vegar þarf að gera betur grein fyrir hvar slík síun/UV muni fara fram. Það er að mati Matvælastofnunar mjög óljóst hvor það fari fram í þjónustu- og tækjaskálum eða annars staðar í ferlinu. Einnig er ekki ljóst að mati stofnunarinnar hvernig dreinaður sjór verður meðhöndlaður, mun hann fara í gegn um síun og UV geislun á sama hátt og annar sjór.

Í kafla 3.6.9 er fjallað um sjúkdómavarnir. Að mati Matvælastofnunar þar þessi umfjöllun að vera mun ítarlegri eins og vísar er til þá á að gera það í umhverfismatsskýrslu. Að mati Matvælastofnunar er lögð áhersla á að horft sé til leiðbeininga stofnunarinnar um gerð smitvarnaáætlana fyrir landeldi.

Í kafla 3.6.10 er umfjöllun um lyfja- og efnanotkun. Umfjöllunin þarf að vera mjög ítarlegri og gera þarf mun betur grein fyrir þessum þætti í umhverfismatsskýrslu líkt og framkvæmdaraðili hyggst gera. Staðhæft er að lyfjanotkun sé nánast óþekkt í landeldi á Íslandi og vísað til þess líka í kafla 5.10. Matvælastofnun bendir á að hægt er að skoða ársskýrslu dýralæknis físksjúkdóma þar sem fram kemur hvernig lyfjanotkun í landeldi hefur verið.

Í kafla 5.4 er fjallað um mat á áhættu vegna erfðablöndunar villtra laxastofna. Hér þarf mun ítarlegri umfjöllun að mati Matvælastofnunar. Einnig þarf að tengja þá áhættu við umfjöllun í kafla 5.6 um nánd við ósa.

Í kafla 5.7.7 er fjallað um vænta losun frá eldinu út frá fódri og fódursamsetningu. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að gera frekari grein fyrir fódri í gegn um eldisferilinn, hvernig hlutföll þurrefnis í fódri skiptist eða skilar sér í eldisafurðir, slóg, haus/hrygg, fiskimykju og losun með fráveitu út í umhverfið. Þannig sé gerð betri grein fyrir heildstæðri losun frá eldinu, hvar þurrefni enda og tengja það við kafla 5.7.10 og 5.7.11. Í umfjölluninni (bls 60) er vísað til þess að miðað sé við að 75% af úrgangi í föstu formi náist úr eldisvökvanum en 0.25% fari í fjörðinn, hér er væntanlega verið að vísa til 25%.

Í kafla 5.7.10 er fjallað um verðmætasköpun úr úrgangi frá eldinu. Matvælastofnun leggur til að fjallað verði um raunhæfar lausnir varðandi þennan þátt. Fyrirætlanir á Dysnesi við Eyjafjörð er ekki lausn að mati Matvælastofnunar þar sem þau áform hafa verið sett á ís. Fjalla þarf um aðrar leiðir í þessum efnum í umhverfismatsskýrslu.

Í kafla 5.7.11 er fjallað um meltuvinnslu á dauðfiski. Matvælastofnun vil benda á að allur dauður fiskur sem fellur til við fiskeldið er skilgreindur sem KAT2 úrgangur sem krefst ákveðinnar vinnslu. Vinnsla á meltu er leyfisskylt hjá MAST. Ef reiknað er með 10% afföll í landeldi, þá má gera ráð fyrir minnst 2.724 tonn af meltu. Í því samhengi vantar betri upplýsingar í köflum 5.7.2 og 5.7.11 um vinnsluaðferðir og áætlað magn.

Matvælastofnun mun skoða frekar þau atriði og útfærslur sem snúa að stofnuninni þegar þau hafa verið útfærð nánar í umhverfismatsskýrslu líkt og vísað er til á fjölmörgum stöðum að eigi að gera.

Matvælastofnunar gefur út rekstrarleyfi til fiskeldi og hefur eftirlit með rekstri og búnaði í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með velferð og fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Virðingarfyllt,  
f.h. Matvælastofnunar



Steinar Rafn Beck Baldursson  
Fagsviðsstjóri leyfamála

**Skipulagsstofnun**

Borgartún 7b  
105 Reykjavík

**Umsögn Vegagerðarinnar um matsáætlun „Laxós ehf.- Fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirði“**

Tilvísun: nr. 0442/2026

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar matsáætlun vegna framkvæmda við fiskeldi í landi Hauganess í Eyjafirði, dags. 16. apríl 2026.

Vegagerðin hefur rýnt matsáætlunina á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Í matsáætluninni „Laxós ehf. Fiskeldi á landi við Hauganes, Eyjafirði“ kemur fram að Laxós ehf., áformar að byggja landeldistöð fyrir lax og/eða regnbogaaurriða norðan Hauganess við Eyjafjörð. Fyrirhuguð framleiðsla er um 22.000 tonn á ári, en meðalstandandi lífmassi verði allt að 16.000 tonn.

Mikilvægt er að í umhverfismatsskýrslu sé ítarlega fjallað um umferð tengda uppbyggingu og rekstri fiskeldisins. Leggja skal mat á umferðarsköpun og möguleg áhrif á framkvæmdatíma og rekstrartíma og hvort grípa þurfi til aðgerða til að styrkja vegi eða gera aðrar breytingar til að tryggja öryggi vegfarenda. Sérstaklega þarf að gera grein fyrir áætlaðri þungaumferð á framkvæmda- og rekstrartíma, þ.m.t. fjölda ferða, akstursleiðum, áfangaskiptingu framkvæmda, og mögulegum áhrifum á burðarþol vega, umferðaröryggi og viðhald.

Fram kemur í matsáætluninni að leggja eigi 800-1.000 m langan veg frá Brimnesvegi niður á nýja landfyllingu. Sé ætlunin að sækja um að vegur að fiskeldi verði héraðsvegur þarf að hanna hann og byggja í samráði við Vegagerðina.

Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir tengingum við þjóðvegi og sækja þarf um leyfi til Vegagerðarinnar fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis. Staðsetning og hönnun vegamóta Brimnesvegar og vegar að eldisstöð þarf að vera í samráði við og með samþykki Vegagerðarinnar. Skoða þarf veginn með tilliti til aukningar á umferð og hvort þörf er á að lagfæra hann og styrkja. Einnig skal í umhverfismatsskýrslu fjalla um öryggi vegamóta Brimnesvegar og Hauganesvegar (809) með tilliti til aukinnar umferðar.

Vegagerðin bendir á að staðsetning landeldisins og fyrirhugaðra hafnarmannvirkja sé með þeim hætti að þau kunna að verða mjög útsett fyrir úthafsöldu. Af þeim sökum er ekki hægt að gera ráð fyrir að viðlegukanturinn verði nothæfur allt árið. Samkvæmt 6. gr. hafnalaga nr. 61/2003 skal Vegagerðin fylgjast með því að hönnun og bygging hafnarmannvirkja uppfylli

-----  
Síða 1/2

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

kröfur um styrkleika og öryggi notenda. Áður en framkvæmdir við hafnarmannvirki hefjast skal leggja fyrir Vegagerðina gögn um gerð mannvirkjanna og fyrirhugaðar framkvæmdir, eftir því sem við á, til yfirferðar og samþykktar.

Vegagerðin telur nauðsynlegt að í umhverfismatsskýrslu liggi fyrir ítarlegar upplýsingar um heildarefnispörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þar á meðal vegna mögulegrar byggingar varnargarðs. Jafnframt þarf að gera grein fyrir mögulegum efnistöðum, flutningsleiðum og áhrifum efnisflutninga á vegakerfið.

Að lokum vekur Vegagerðin athygli á mikilvægi samráðs við stofnunina við undirbúning framkvæmda og vinnu við umhverfismatsskýrslu.

-----  
Síða 2/2

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

-----  
Vegagerðin